



ASU2A05- Aðstoð og umönnun

Námsáætlun, vorönn 2020

Kennari/kennarar:	Netfang/netföng:
Hermína Huld Hilmarsdóttir	hermina@bhs.is

Lýsing:

Í þessum áfanga munu nemendur læra helstu atriði er varða líkamlega umönnun og aðhlyningu einstaklinga með skerta sjálfsbjargargetu auk þess að fá innsýn í skipulag heimaþjónustu. Nemendur fá fræðslu og þjálfun í að nota einföld hjúkrunartæki og hjálpar- og stoðtæki. Nemendur fá fræðslu um mikilvægi sýkingavarna við umönnunarstörf. Algengir sjúkdómar, svo sem smitsjúkdómar, hjarta- og æðasjúkdómar, sykursýki og krabbamein eru kynntir og nemendur kynnast almannatryggingarkerfinu og reglum er varða aðgengi.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:

Þekking

- hvernig sjálfsbjargargeta fólks er metin.
- hvernig á að aðstoða og túlka óskir einstaklinga við grundvallarathafnir daglegs lífs.
- notkun algengra hjúkrunartækja.
- notkun hjálpar- og stoðtækja.
- mikilvægi sýkingavarna.
- umhirðu húðar og legusáravörnum.
- tannburstun og mötun.
- aðstoð við blinda og sjónskerta.
- aðstoð við heyrnarskerta og dauflinda.
- almannatryggingum.
- aðgengi og ferlimálum.

Leikni

- meta sjálfsbjargargetu fólks.
- aðstoða einstaklinga við grundvallarathafnir daglegs lífs.
- nota algeng hjálpar- og stoðtæki.
- sinna eftirliti með þvagleka, bleyjunotkun og þvaggpoka.
- aðstoða einstaklinga við munnumhirðu og að matast.
- aðstoða fólk með heyrnar- og sjónskerðingar.
- skoða aðgengi að byggingum.

Hæfni

- greina þarfir og meta sjálfsbjargargetu fólks sem metið er með umræðum og verkefnum.
- skoða og bera saman aðgengi fatlaðs fólks.
- framkvæma aðgerðir eins og að mæla hita og tæma þvaggpoka sem metið er með verkefnum og umræðum.
- aðstoða einstakling við notkun á hjálpar-og/eða stoðtækjum sem hægt er að meta með verklegum og skriflegum æfingum.
- aðstoða einstakling við húðumhirðu sem metið er með verklegum og skriflegum æfingum.
- aðstoða einstaklinga með heyrnar- og sjónskerðingu. Metið með verklegum æfingum og öðrum verkefnum.
- annast einstaklinga með mismunandi sjúkdóma og bregðast við aðstæðum sem geta komið upp við umönnun þeirra. Metið með umræðum, verkefnum og leiðsagnamati.



- aðstoða fólk við að leita sér upplýsinga um réttindi sín. Metið með verklegum æfingum og öðrum verkefnum. Skoða og bera saman aðgengi fatlaðs fólks

Námsmat:

Í áfanganum er stuðst við fjölbreyttar námsmatsaðferðir og áhersla lögð á leiðsagnarmat.

Verkefni 1 - Þarfapýramídi Mazlow	10%,
Verkefni 2 - Heimaþjónusta	20%,
Verkefni 3 - Úttekt á aðgengi fyrir fatlaða	15%,
Verkefni 4 - Sögulegar breytingar	20%,
Hugtakapróf	20%
Kennaraeinkunn	15%

Námsgögn:

Hjúkrun 1. Þrep *Ritstjórn: Anne Sofie Steens og Lissi Hansen. Ritstjóri íslensku útgáfunnar: Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir.*

Annað lesefni aðgengilegt á námsvef áfangans

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Ætlast er til þess að næmendur séu lesnir og þannig færir um að taka þátt í umræðum



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
2	7.-10. janúar	Farið yfir kennsluáætlun og námsmat	Lota 1
3	13.-17. janúar	Hvað er umönnun	
4	20.-24. janúar	Að túlka óskir annarra, þagnarskylda og trúnaður	
5	27.-31. janúar	Mat á aðstoð og umönnun, þarfapýramídi Maslows, matslistar: ADL og RAI	Verkefni 1, (10%)
6	3.-7. febrúar	Mismunandi aðstæður heimila (eigið heimili, dvalarheimili, hjúkrunarheimili, sambýli)	
7	10.-14. febrúar	Heimaþjónusta	Verkefni 2, (20%)
8	17.-21. febrúar	Almenn hjúkrun: húðumhirða, sýkingavarnir, þrýstingssár	
9	24.-28. febrúar	Næring sjúkra og aldraðra, umhirða tanna	
10	3. - 6. mars	Almenn hjúkrun: Melting, þvagútskilnaður, eftirlit með þvagleka og bleyjunotkun	Lota 2 6.-7. mars Hugtakapróf (20%)
11	9.-13. mars	Almenn hjúkrun: Hreyfing	
12	16.-20. mars	Aðstoð við heilabílaða	
13	23.-27. mars	Aðstoð við sjónskerta, dauflinda og heyrnarskerta	
14	30.mar. -3. apríl	Aðstoð við hreyfihamlaða og notkun hjálpartækja	
15	6.-10. apríl	Páskaleyfi	
16	15.-17. apríl	Páskaleyfi	
17	20.-24. apríl	Aðgengi fyrir alla	Verkefni 3 (15%)
18	27.-30. apríl	Réttindi til þjónustu, Hlutverk Tryggingastofnunar	
19	4.-8. maí	Réttindi til sjúkra- og lífeyrstrygginga	Lota 3, Verkefni 4 (20%)
20	11.-13. maí	Litið til baka, mikilvægar breytingar undanfarin ár eða áratugi	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.